

Í tengslum við sýninguna verða haldin námskeið og fyrirlestrar fyrir ýmsa aldurshópa þar sem boðið er upp á nánari kynni af verkum Ólafs Elíassonar og blandað er saman leiðsögn um sýninguna og fyrirlestrum eða leiðsögn og skapandi vinnu.

Allt um kring – Listsmiðjur
Sjáum við hlutina alltaf nákvæmlega eins og þeir eru eða blekkir augað? Þátttakendur fá skemmtilega leiðsögn sem hentar þeirra aldri, þau upplifa sig í rými verkanna, fræðast um sjónskynjun og blekkingar augans og búa sér til áhöld til að gera eigin tilraunir með ljós og rými.

Námskeiðsgjald kr 3.300, hádegismatur innifalinn.
Listsmiðja fyrir 6-9 ára. Laugardag 31. janúar kl. 10.30-15
Listsmiðja fyrir 10-12 ára Laugardag 7. febrúar kl. 10.30-15

Listsmiðja fyrir alla fjölskylduna
Sjáum við hlutina alltaf nákvæmlega eins og þeir eru eða blekkir augað? Börn og fullorðnir eiga saman stund á safninu; skoða sýninguna og taka um leið þátt í vísbendingaleik. Þátttakendur fræðast um sjónskynjun og blekkingar augans og búa sér til áhöld til að gera eigin tilraunir með ljós og rými.

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður, þátttökugjald kr. 500.
Sunnudag 15. febrúar kl. 13-15

Hið sanna eða myndin af sannleikanum - Listsmiðja fyrir 13-15 ára
Á þessu námskeiði verða ljósmyndaverk Ólafs skoðuð sérstaklega. Kannað verður hvernig nota má ljósmyndina til að skrá raunveruleikann og einnig til að breyta sýn manna á hann. Nemendur skoða sýninguna, kynnast ferli Ólafs, kynnast aðferðum til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn og vinna ljósmyndaverkefni. Gert er ráð fyrir að hver þátttakandi hafi með sér stafræna myndavéla.

Námskeiðsgjald er kr. 3.300, hádegismatur innifalinn.
Laugardag 21. febrúar kl. 10.30-15

Rými og tími /Staður og stund – Dagur á safninu
Námskeið ætlað þeim sem áhuga hafa á að kynnast nánar verkum og ferli Ólafs Elíassonar. Þátttakendur fá leiðsögn um sýninguna, fyrirlestur þar sem farið er yfir feril Ólafs og fyrirlestur þar sem verk hans eru skoðuð í samhengi alþjóðlegrar samtímalistar.

Námskeiðsgjald kr. 3.300.
Sunnudag 22. febrúar kl. 10.30-15

Fyrirlestur
Gunnar J. Árnason listheimspekingur flytur fyrirlestur um Ólaf Elíasson. Í fyrirlestrinum verður gefið yfirlit yfir feril Ólafs og rætt um þær hugmyndir sem hann byggir verk sína á, um skynjun og hlutverk áhorfandans, auk þess sem skoðuð verður samvinna hans við Einar Þorstein Ásgeirsson arkitekt. Gunnar byggir fyrirlesturinn á grein sem hann ritar í sýningarskrá Frost Activity.
Sunnudag 1. febrúar kl. 15

Aðgangseyrir kr. 500

Listamannsspjall og fyrirlestur Ólafur Elíasson og Daniel Birnbaum
Ólafur Elíasson fer yfir feril sinn og fjallar um sýninguna Frost Activity ásamt listgangnrýnandanum Daniel Birnbaum sem einnig flytur fyrirlestur um list Ólafs.
Fimmtudag 4. mars kl. 17

Aðgangseyrir kr. 500 og er hægt að kaupa miða í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi eða bóka miða á netinu: fraedsludeild@reykjavik.is

Skráning á námskeiðin er í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi, í síma 590 1200 og um netfang fraedsludeild@reykjavik.is

samson EIGNARHALDSFÉLAG
Björgólfi Thor Björgólfssyni og Samson Eignarhaldsfélag, er sannur heiður að veita sýningunni brautargengi.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

S.HELGASON STEINSMIÐJA · EIMSKIP · Múrlína.is ÖLL MÚRVINNA · Gutenberg PRENTSMIÐJA · ICELANDAIR · ZUMTOBEL STAFF · ICELAND TOURIST BOARD · FLUGFÉLAG ÍSLANDS www.flugfelag.is